



Golfklúbbur Reykjavíkur

Staðarreglur 2023 - Grafarholt

- Vallarmörk eru girðingar og hvítar stikur.
 - Þegar **12.** braut er leikin er svæðið vinstra megin við stikurnar útaf. Annars eru stikurnar óhreyfanlegar hindranir.
 - Bolti telst útaf hafni hann handan innri brúnar á malarstíg sem liggur vinstra megin við **14.** braut.
- Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu, fjarlægðarhælar, vökvunarkerfi, lok á ræsum, fjarlægðarstikur og önnur skilti, ásamt bekkjum og ruslatunnum á vellinum, **einnig vatnsbrunnur og vatnskraní á 10. holu** eru óhreyfanlegar hindranir sem lausn er veitt frá samkvæmt **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður).
- Skúrarnir á **10. holu** eru óhreyfanlegar hindranir og er veitt frí lausn frá þeim skv. **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður), þegar þeir trufla fyrirhugaða stöðu eða fyrirhugað sveiflusvið.
- Vítasvæði:
 - Sé vítasvæði merkt aðeins öðrumegin, merkir það að mörk þess framlengjast óendanlega.
 - Sé vítasvæði merkt rautt með hvítum toppi er það bannsvæði og leikmenn verða að taka víti útúr því.
 - Sé vítasvæði merkt með hælum inni háu grasi, miðast vítasvæðið við slátturöndina, á háa grasinu.
- Grund í aðgerð:
 - Sé grund í aðgerð merkt með bláum hælum með hvítum toppi er það bannsvæði og leikmenn verða að taka fría lausn útúr grundinni.
- Þegar bolti liggur innan *almenna svæðisins* og gras slegið í brautarhæð eða neðar, má taka vítalausa lausn einu sinni áður en *högg* er slegið, með því að leggja upphaflega boltann eða annan bolta innan þessa *lausnarsvæðis* og leika honum þaðan:
 - Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1).
 - Stærð lausnarsvæðis: ein *kylfulengd* frá viðmiðunarstað.
 - Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis:
 - Það má ekki vera nær *holunni* en viðmiðunarstaðurinn
 - Það verður að vera á *almenna svæðinu*.
- Kylfingar verða að kynna sér vel leikhraðareglur, hegðunarreglur og aðrar auka staðarreglur sem birtar eru á upplýsingatöflu í klúbbhúsi.

Tímabundnar staðarreglur:

- Þangað til annað verður tilkynnt, þegar bolti liggur á flöt, má færa bolta um allt að einn púttershaus einu sinni fyrir hvert högg, en ekki nær holu.

Tímabundin Staðarregla 2023 - Grafarholt:

Staðarregla í gildi á meðan framkvæmdir eru á 17. og 18. braut vallarins.

Allt framkvæmdasvæði á 17. og 18. brautinni er skilgreint sem grund í aðgerð og **bannsvæði**.

Það merkir að ekki má slá boltanum þaðan og alls ekki má labba inná framkvæmdasvæði til að sækja boltann sinn.

Farið er á viðkomandi fallreit vítislaust:

Þegar 1. brautin er leikin og ef boltinn endar á framkvæmdasvæði á 18. brautinni er farið á fallreit fyrir aftan glompuna á 1. brautinni.

Þegar 17. brautin er leikin og ef boltinn endar á framkvæmdasvæði á 17 og 18. brautinni er farið á fallreit hægra megin við framkvæmdasvæðið.

Þegar 18. brautin er leikin og ef boltinn endar á framkvæmdasvæði, er farið á fallreit vinstra megin á 18. brautinni.

Víti fyrir brot á staðarreglu, almennt víti.

Sími dómara í mótum: 660-9756

Félagsmenn GR geta sent póst á domari@rgolf.is og fengið úrskurð sinna mála við almennan leik Tilgreina þarf keppnisfyrirkomulag (höggleikur/punktakeppni/holukeppni) + völl og ítarlega staðhætti.